

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 19

Dags. 13.4.2011

### **19. fundur í Skipulags og Umhverfisnefnd 13. 04. 2011 kl. 17:00**

Fundurinn var haldinn í Kjarna Laugum. Mættir voru Ásvaldur Þormóðsson, Þórunn Jónsdóttir, Hörður Benónýsson, Guðrún Tryggvadóttir og Hlynur Snæbjörnsson sem ritaði fundargerð. Auk þess sat sveitarstjóri fundinn.

Formaður setti fund. Eftirfarandi erindi voru tekin fyrir.

#### **1. Erindi frá neyðarlínunni**

Neyðarlínan óskar eftir leyfi til að setja niður 4,4 fermetra hús ásamt mastri fyrir fjarskipta og neyðarsendi við topp Ketilfjalls á Þeistareykjum, húsið verði að hluta grafið niður austan til í toppinn til að það sjáist sem minnst.

Nefndin gerir ekki athugasemd við erindið en telur rétt að kanna hvort æskilegra sé að húsið standi vestanvert í Ketilfjalli og falli því betur að þeim framkvæmdum sem hafnar eru á svæðinu.

#### **2. Erindi frá Katli Indriðasyni á Ytra-fjalli.**

Óskað er eftir að taka leigulóð undir íbúðarhús undan Jörðinni Ytra-Fjalli samkvæmt korti dagsettu 04.04. 2011 teiknuðu af Guðmundi Gunnarssyni á Búgarði.

Jafnframt er óskað eftir breytingu á lóðinni í Fjallsgerði samkvæmt sama korti.

Nefndin gerir ekki athugasemd við erindin.

#### **3. Deiliskipulag Þeistareykjavirkjunnar. Verkefnislýsing.**

Farið yfir uppkast að verklýsingu á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunnar .

Fundi slitið kl. 18:50

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Þórunn Jónsdóttir

Hörður Þór Benónýsson

Guðrún Sigríður Tryggvadóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson